

BREYTING Á SAMKOMULAGI

Orkuveita Reykjavíkur, sameignarfyrirtæki, í viðauka þessum nefnd OR, annars vegar og Rafiðnaðarsamband Íslands, í viðauka þessum nefnt RSÍ, Samiðn, samband iðnfélaga, í viðauka þessum nefnd Samiðn og VM félags vélstjóra og málmtæknimanna hins vegar, gera með sér svofellda breytingu á gildandi samkomulagi um kaupaukakerfi, dags. 9. október 2006.

1. OR, annars vegar og RSÍ, Samiðn og VM, hins vegar, hafa undirritað kjarasamning sín í milli, dags. 4. júní 2008. Markmið kjarasamnings er m.a. að færa launataxta nær greiddu kaupum með því að færa viðbótargreiðslur inn í launataxta. Tilgangur samkomulags þessa er að tryggja að framangreindum markmiðum kjarasamnings verði náð.
2. Ákvæði um viðmiðunarfjárhæð bónuseiningar skv. 4. gr. samkomulags aðila um kaupaukakerfi, dags. 9. október 2006, breytist þannig:
Viðmiðunarfjárhæð bónuseiningar skal, frá 1. maí 2008 að telja, vera 79% af mánaðarlaunum starfsmanns deilt með 173,33.
Viðmiðunarfjárhæð bónuseiningar breytist á samningstíma og verður 69% þann 1. mars 2009 og 48% þann 1. janúar 2010.
3. Samkomulag þetta gildir frá 1. maí 2008.

Reykjavík, 4. júní 2008

**f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,
sameignarfyrirtækis**

f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

f.h. VM félags vélstjóra og málmtæknimanna